# Skammtímaleyfi nemenda undir 18 ára

Foreldrar/forráðamenn eru beðnir um að skrá skammtímaleyfi nemenda undir 18 ára í Innu. Hægt er að sækja um leyfi fyrir einn tíma eða heilan dag en ef um lengra leyfi er að ræða verður að sækja um það hjá aðstoðarskólameistara. Mikilvægt er að nemandi missi ekki mikið úr kennslu og því er foreldrum/forráðarmönnum bent á að gæta hófs þegar skammtímaleyfi eru skráð á nemendur. Umsóknir um skammtímaleyfi eru afgreiddar eins fljótt og kostur er og fær forráðamaður staðfestingarpóst þegar umsókn hefur verið samþykkt/hafnað.

Athygli er vakin á því að nemendur fá ekki lengdan skilafrest á þeim verkefnum sem á að skila á meðan á fjarveru stendur og hafa ekki endurtökurétt né undanþágu á prófum sem fram fara á meðan á fjarveru stendur. Bent er á að allar fjarvistir geta haft áhrif á **námsárangur** nemenda.

Skammtímaleyfi án skýringa verða ***ekki*** samþykkt. Veitt verða leyfi vegna nauðsynlegrar fjarveru sem getur ekki farið fram utan skólatíma.

Til að skrá sig í Innu þarf rafræn skilríki eða íslykil.

***Eingöngu er hægt að skrá skammtímaleyfi samdægurs.***

**Skref 1:**

Skráiði ykkur í Innu og smellið svo á *skrá forföll*



**Skref 2:**

Veljið _dagsetningu_ og _kennslustund_ sem sækja á um leyfi í og smellið á _skrá_




**Skref 3:**

Því næst opnast gluggi með _ástæðu fjarveru_ en þar er nauðsynlegt að skrifa inn ástæðu.




**Skref 4:**

Að lokum opnast gluggi þar sem fram kemur að _beiðni um leyfi sé móttekin_ og er þá umsókn um skammtímaleyfi lokið.

